

Samþykkt fyrir Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Velferðarráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Verksvið

2. gr.

Velferðarráð skal móta stefnu í velferðarþjónustu, s.s. félags-, heilbrigðis-, húsnæðis- og öldrunarmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

3. gr.

Velferðarráð fer með verkefni félagsmálanefndar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, með síðari breytingum. Jafnframt fer velferðarráð með verkefni húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur velferðarráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu og húsnæðismála í Reykjavík.
2. Fylgir eftir framkvæmd laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, barnalaga nr. 76/2003 og laga um ættleiðingar nr. 130/1999.
3. Er barnaverndarnefnd til samráðs við gerð tillögu til borgarráðs um stefnu og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, sbr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með framkvæmd félagsþjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Þá leysa starfsmenn Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva úr málum einstaklinga á verksviði velferðarráðs, á grundvelli þeirra reglna sem tilgreindar eru í 5. gr. samþykktar þessarar, sbr. einnig heimild í 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ákvörðunum starfsmanna skv. 2. mgr. verður þó ætíð skotið til áfrýjunarnefndar velferðarráðs til endanlegrar afgreiðslu, sbr. 13. gr.

5. gr.

Velferðarráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnukorti borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Jafnréttisstefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Stefnu um fjölmennningarlegt samfélag
8. Umhverfisstefnu
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
11. Stefnumörkun í erlendum samskiptum
12. Siðareglum
13. Leikreglum með fjárhagsáætlun

Jafnframt fylgir velferðarráð eftirfarandi reglum og samþykktum verklagsreglum:

1. Reglum um fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík.
2. Reglum um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur.
3. Verklagsreglum í félagslegri heimaþjónustu.
4. Reglum um stuðningsþjónustu Félagsþjónustunnar.
5. Reglum um greiðslur barnaverndar Reykjavíkur.
6. Reglum um útleigu félagslegra eignaríbúða.

Skipan

6. gr.

Velferðarráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi velferðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga starfar sérstök áfrýjunarnefnd velferðarráðs, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 13. gr. Áfrýjunarnefndin er skipuð þremur fulltrúum, kosnum af velferðarráði til loka kjörtímabils borgarstjórnar. Velferðarráð kýs formann áfrýjunarnefndarinnar.

Velferðarráð getur í sérstökum tilfellum skipað aðrar undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

7. gr.

Formaður velferðarráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

8. gr.

Velferðarráð heldur að jafnaði 2 fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri og/eða staðgengill hans skulu sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

9. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Velferðarráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Velferðarsvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjóra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

10. gr.

Velferðarráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Velferðarráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

11. gr.

Velferðarráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra Velferðarsviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsöröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

12. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra Velferðarsviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á Velferðarsviði.

Fullnaðarafgreiðslur

13. gr.

Ákvörðunum starfsmanna Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva í einstaklingsmálum, sbr. 4. gr., verður skotið til áfrýjunarnefndar velferðarráðs til endanlegrar ákvörðunar skv. heimild í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Yfirlit yfir afgreiðslur áfrýjunarnefndar skal lagt fram til upplýsingar á næsta fundi velferðarráðs.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra Velferðarsviðs fer skv. viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Málsmeðferð

14. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu velferðarráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka mál upp að nýju. Sé um að ræða ákvörðun áfrýjunarnefndar, sbr. 1. mgr. 13. gr., skal þó velferðarráð meta hvort skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli til sérstakrar úrskurðarnefnda skv. 63. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. einnig 16. gr. laga um húsaleigubætur, og 42. gr. laga um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Þagnarskylda

15. gr.

Gæta skal ákvæða um þagnarskyldu skv. 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara skv. eðli máls. Fulltrúar í velferðarráði skulu staðfesta yfirlýsingu um þagnarskyldu með undirritun sinni. Afrit trúnaðargagna í einstaklingsmálum, sem lögð eru fram til kynningar á fundum velferðarráðs eða áfrýjunarnefndar, skal eytt að fundi loknum og er meðferð þeirra utan funda óheimil.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir félagsmálaráð frá 4. apríl 2002, með síðari breytingum.

Samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005, með breytingu 7. júní 2005